

LISTIR



Hubert Dobrzaniecki

Olú- og grafíkverk í Borgarnesi

HUBERT Dobrzaniecki opnar málverkasýningu í Listasafni Borgarness á laugardag kl. 15. Hubert sýnir olumálverk og grafík frá árunum 1999–2002.

Hubert Dobrzaniecki fæddist árið 1967 í Póllandi. Hann er ljóðskáld, rithöfundur, listmálari og látbragðsleikari, og segist hann hafa komið til Íslands til að skemmta fólk með látbragðsleik eftir að hann lauk námi í Látbragðs- og listaakademíunni í Pernambuco. Tvær bækur hafa verið gefnar út á Íslandi eftir Hubert: Ljóð út úr skápnunum árið 1999 og Árstíðirnar árið 2000. Einnig eru nýttkomnar tvær bækur eftir Hubert í Póllandi, Ljóðabók og safn smásagna, og er þar m.a. að finna smásögu sem gerist á Íslandi. Ljóðabókin Árstíðirnar verður fánæg á opnuninni í Listasafni Borgarness.

Ewa Tosik-Warszawiak og nemandur hennar, Anna María Grönfeldt, Ágústa Hrund Þorgeirsdóttir, Ásta Þorsteinsdóttir, Unnur Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Valdimarsson, flytja nokkur verk á fjölu og selló.

Sýningin er opin virka daga frá 13–18 og til kl. 20 á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum. Sýningin stendur til 26. febrúar.

Sýningum lýkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Grófarhúsi

Sýningunni í Borgarskjalasafni Reykjavíkur um stríðsárin, Reykjavík í hers höndum, lýkur á sunnudag. Á sýningunni eru skjöl, munir og ljósmyndir frá veru hersins í Reykjavík 1941–1944. Ljósmyndirnar fimmtíu hafa fæstar sést áður á Íslandi, en þær veita innsýn í dvöl Bandaríkjahers í Reykjavík á árunum 1941–1944.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 12–17. Aðgangur og sýningarskrá er ókeypis.

Gallery Hár og List, Strandgötu 39, Hafnarfirði

Sýningu Díönu Hrafnadóttur á leirverkum lýkur á laugardag.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 9–18, á laugardag kl. 10–17.

Brottfararstaður: hversdagsleikinn

MYNDLIST

KÚLAN, Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn

MYNDBANDSVERK, TUMI MAGNÚSSON

Til 16. febrúar. Ásmundarsafn er opið daglega frá kl. 13–16.

i8

BLÖNDUÐ TÆKNI, HARALDUR JÓNSSON JÓN SÆMUNDUR AUÐARSON

Til 8. mars. Opið fimmtudaga og föstudaga 11–18, laugardaga 13–17.

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsi

HUGARLEIFTUR, LJÓSMYNDIR OG TEXTAR, DIANE NEUMAIER OG CHRISTOS CHRISSTOPoulos

Til 16. mars. Hafnarhúsið er opið alla daga vikunnar frá kl. 11–17 og til kl. 18 á fimmtudögum.

Í KÚLUNNI í Ásmundarsafni í Laugardal er nú hafin fyrsta sýning af þremur sem hafa að markmiði að kanna sérstaka möguleika Kúlunnar sem sýningararrýmis, en í fótspor Tuma Magnússonar fylgja síðar þau Finnboi Pétursson og Eygló Harðardóttir.

Tumi er þekktur fyrir málverk sín sem í gegnum tíðina hafa ávallt byggst á nánu sambandi við hversdagsheiminn. Fyrir allnokkrum árum voru hversdagshlutir, t.d. borð, diskar ofl. myndefni málverka hans en á seinni árum hefur hann einbeitt sér að því að vinna beint með ýmis efni eins og te, kóka kóla, eggjahvítur ofl. og hefur til dæmis sýnt lita- og efnabreytingar á striganum. Nú bregst Tumi við sérstöku sýningarrrými Kúlunnar og gerir myndbandsverk sem varpað er í hringlaga formi beint upp í loftið. Enn er listamaðurinn í nánum tengslum við hversdaginn í vali sínu á myndefni, þó nú sé unnið í nýjan miðil. Þegar ég kom upp í Kúluna mátti sjá fallegan rauðleitan hring í loftinu, liturinn var lifandi og bjartur. Rétt þegar ég ætlaði að fara að gleyma mér í þessum fallega lit kvað við ókennilegt slurphljóð og liturinn breyttist. Næst kom listamaðurinn sjálfur áhorfandanum á óvart. Ég ætla ekki að lýsa verkinu frekar hér heldur hvetja fólk til að fara sjálft og skoða.

Tuma hefur jafnan tekist að vera með báða fætur á jörðinni í verkum sínum án þess að vera þó jarðbundinn um of. Það tekst honum líka hér. Myndbandsverkið er hreint og tært. Það gefur áhorfandanum samt nægilegt rými til að upplifa það á sjálfstæðan hátt, uppgötva verkið hvað varðar efnislega þætti þess og gerð en gefur líka um leið tilefni til vanga-veltna. Tuma tekst firnavei að blanda saman bæði hversdaglegum þáttum,

t.d. litnum á appelsíni og hugmynda- legum þáttum eins og tímalausum eiginleikum listaverka. Staðsetning verksins myndar sterk tengsl við málalagist fyrri tíma um leið og hugmyndin um glugga vekur spurningar um hlutverk listarinnar. Gluggi, spegill eða hluti af veruleikanum? Tumi býður áhorfandanum upp á kyrrláta hugleiðslu en ýtir við okkur í tíma, áður en við verðum allt of hátíðleg. Hið hringlaga auga blikkar okkur í tæka tíð.

Þetta hringlaga form

Þetta hringlaga form heldur áfram í verkum Haraldar Jónssonar sem nú sýnir í i8 við Klapparstíg. Eins og Tumi vinnur Haraldur hér með hversdagslega hluti, í þessu tilfelli lampa í lampabúðum, en þó er afstaða listamanna gjörólík. Hversdagsleikinn er brottfararstaður Haraldar en verk hans vísa alltaf eitthvað annað, myndefni hans gengst undir umbreytingu við að vera myndað, það glatar fyrri merkingu sinni og öðlast nýja. Verk Tuma fara hins vegar ekki langt, þeim má líkja við flugdreka sem flýgur hátt en hefur alltaf sterka jarðtengingu, eins eru leikurinn og húmorinn alltaf ríkur þáttur í þeim en taka þó aldrei yfir.

Í i8 sýnir Haraldur Jónsson nokkrar stórar ljósmyndir teknar í myrkri inn um glugga á geipilega yfirfullum lampaverslunum þar sem úrvalið og gnægðin eru yfirþyrmandi. Þessari gnægð fylgir tómeiki efnishyggi-unnar og meðfylgjandi létt melankólísk tilfinning, sérstaklega yfir stórum kristalsljósakrómum í hálfmyrkri, tilbúnum á ballið sem ekkert er. Sem mótvægi við ljósmyndirnar sýnir Haraldur skúlptúra sem hann nefnir svarthol, líkt og kransakökur mynda margir útskornir og þjalaðir hringir háa hrauka á gólfinu. Inni í þeim er að sjálfsögðu myrkur. Þetta myrkur skilar sér þó betur sem hugmynd en í raunveruleikanum. Í viðtali segir Haraldur verkin snúast um skynjun, líkamann og tilfinningarnar, sem bendir til þess að listamaðurinn ætlist til þess að áhorfandinn upplifi verkin fyrst og fremst tilfinningalega frekar en vitsmunalega. Mér finnst þó áhugaverðara að líta á ljósmyndirnar sem ádeilu á efnishyggi, þó þær séu kannski ekki hugsaðar þannig. Það eru viðtekin sannindi í dag að listamaðurinn hefur ekki nema takmarkað vald yfir verkum sínum, þegar hann sleppir af þeim hendinni tekur áhorfandinn við. Svartholshraukarnir eru hins vegar dularfyllri og það heppnast ágætlega að skapa svart rými í hugskoti áhorfandans, myrkrið sem maður veit að býr inni í hraukunum þó það sjáist ekki í raun nema sem svartur lítill



Morgunblaðið/Arni Sæberg

Frá Hugarleiftri, sýningu Listasafns Reykjavíkur.



Ein af ljósmyndum Haraldar Jónssonar í i8.



Morgunblaðið/Arni Sæberg

Frá sýningu Tuma Magnússonar.

hringur.

Einar Ben okkar tíma

Einar Ben okkar tíma sagðist Jón Sæmundur Auðarson, sem nú sýnir verk undir stiganum í i8, vera í viðtali og vísaði þar til fossasölu beggja aðila. Það er þó langt frá því að hægt sé að leggja að jöfnu myndband af fossi og fossinn sjálfan sem betur fer en myndbönd Jóns Sæmundar eru heillandi engu að síður, hvort sem þau eru risastór eins og fossinn sem sýndur var á Morgunblaðshúsinu gamla, eða lítill foss undir stiga. Þessi einföldu verk vísa bæði til sögu íslenskrar landslagsmálunar, náttúr-

unnar sjálfrar, tæknivæðingar samfélagsins og afleiðinga hennar. Auk þess eru sjónræn áhrif þeirra mögnuð, falleg og jafnvel húmorísk eftir aðstæðum.

Hugarleiftur

Hugarleiftur nefnist sýning bandaríska ljósmyndarans Diane Neumaier og gríska rithöfundarins Christos Chrissopoulos sem nú má sjá í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Líkt og hjá Tuma og Haraldri er útgangspunkturinn hversdagslegir hlutir í nánasta umhverfi okkar en útkoman er ólík. Sýningin samanstendur af ljósmyndum og textum sem unnin voru í Reykjavík sumarið 2000. Fjöldi ljósmynda sýnir annars vegar útilistaverk, sum þekkt, önnur minna og hins vegar hanska og vettlinga sem fólk hefur glatað á ferðum sínum og liggja nú stakir í reiðileysi, í grasi, á götu, milli fífla, í ræsinu. Textar Christos eru vangaveltur um lífið og tilveruna, hann skapar ónafgreinda karlkyns persónu sem gengur um og á óvænt stefnumót við fólk og staði.

Á sýningunni er mikill fjöldi mynda og texta, hún krefst því talverðrar þolinmæði af áhorfendum. Myndirnar eru allar svipaðar að stærð og eftir að skoða þær fyrstu kemur fátt á óvart. Hugmyndin er að ég held að sýna mögulega birtingarmáta hins ljóðræna, listræna og heimspekilega í umhverfinu. Vissulega eru útilistaverkin og hanskarir falleg verksummerki um mannlega tilvist. Afstaða listakonunnar til listaverkanna er þó ekki ljós, ég get túlk- að hana sem jákvæða, sem hyllingu á fyrirbærinu útilistaverkinu, eða sem hálfgerð háð, á þessa (suma hverja) hálf-umkomulausu þrívíðu hluti á stöplum sem eru ekki í neinum tengslum við umhverfi sitt. Samband ljósmyndanna við texta Christos sem eru lausir við kaldhæðni bendir þó til hins fyrra. Textar Christos eru heimspekilegir og persóna þeirra uppgötvar í stöllu eitthvað um lífið í gegnum stefnumót sín, sumt af því frekar langsótt. Hefðbundin framsetning þessara verka virkar ekki hvetjandi á áhorfendur og að ósekju hefði mátt fækka bæði textum og myndum eða huga betur að fjölbreyttari uppsetningu. Eins myndu verkin, ekki síst textarnir, líklega njóta sín betur í bókformi.

Ragna Sigurðardóttir

Tomalin hlýtur Whitbread-verðlaunin

ÆVISAGNAHÖFUNDURINN Claire Tomalin hlaut á þriðjudag hin virtu Whitbread verðlaun er bók hennar „Samuel Pepys: The Unequalled Self“ var valin bók ársins. Bók Tomalin hafði áður verið valin besta verkið í flokki ævisagna, en val á bestu bókinni í hverjum hinna fimm flokka Whitbread verðlaunanna – ævisagna, skáldsagna, barnabóka, fyrstu skáldverka og ljóðabóka – er jafnan tilkynnt nokkrum vikum áður en bók ársins er valin úr flokki þessara fimm.

Það vakti töluverða athygli breskra fjölmiðla að að þessu sinni kepptu hjón um Whitbread verðlaunin og hefur sú staða ekki kom-

id upp áður. En bæði Tomalin og eiginmaður hennar Michael Frayn hlutu verðlaun, hvort í sínum flokki, Tomalin, líkt og áður sagði í flokki ævisagna og Frayn fyrir bók sína Spies í flokki skáldsagna.

Að mati dómnefndar var bók Tomalin „stórbrotin, mannúðleg og samúðarfull mynd“ af Pepys. Höfundurinn sjálfur var að vonum ánægður með verðlaunin, sem nema 3,2 milljónum króna, og neitaði því staðfastlega að metingur hefði gert vart við sig milli þeirra hjóna. „Maðurinn minn var ánægðari en ég,“ sagði Tomalin sem telur mikilvægt að bók eins og hennar hafi unnið



Reuters

Verðlaunahafinn Claire Tomalin (önnur frá vinstri) og Michael Frayn (henni á vinstri hönd) í góðum félagskap. Hjónin voru bæði tilnefnd til Whitbread-verðlaunanna að þessu sinni.

verðlaunin. „Eitt af því sem gleður mig hvað mest við gott gengi bókarinnar er að hún er „hrein“ bók. Hún er ekki tengd sjónvarps- seríu eða kvikmynd, heldur er bara eitthvað sem ég skrifaði ein við skrifborð mitt og á fjölda bókasafna. Það er uppörvandi að vita

að bók eins og þessi, sem ekki er tengd neinum töfraljóma, geti orðið verðlaunabók.“

Tomalin er í hópi virtustu ævisagnahöfunda og hefur þegar sent frá sér ævisögur Mary Wollstonecraft, Katherine Mansfield og Jane Austen við mikið lof gagnrýnenda.